



Reykjavík, 15. febrúar 2024

USK24010351

## Umsögn um tillögu Sjálfstæðisflokksins um endurgjaldslausu poka

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar þann 31. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*„Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að tryggja íbúum Reykjavíkur endurgjaldslausu poka fyrir umframúrgang meðan tafir á sorphirðu standa yfir. Sorphirða Reykjavíkur skilji pokana eftir fyrir utan heimili, þegar sorphirða hefur ekki staðist áætlun og umframsorp myndast við heimili. Greinargerð fylgir tillögunni.“*

Umhverfis- og skipulagsráð vísaði tillögunni til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða á fundi sínum þann 7. febrúar sl. Eftirfarandi er umsögn skrifstofu umhverfisgæða.

Þegar tafir hafa orðið á hirðu á pappír og plasti við heimili í Reykjavík hefur sorphirða Reykjavíkurborgar hirt allt umframsorp sem íbúar hafa ekki komið í sorpilát sín eða á næstu grenndarstöð. Íbúar hafa í þeim tilfellum notað tilfallandi pappírs og plastpoka fyrir umframsorpið. Því er ekki talið þörf á að Reykjavíkurborg kaupi og dreifi plastpokum til íbúa í Reykjavík. Kostnaður af því myndi falla á íbúa í hirðugjöldum þar sem innheimta ber að að fullu þann kostnað sem fellur til við meðhöndlun úrgangs. Kaup og dreifing pokanna myndi þannig auka álögð gjöld á íbúa. Lagt er til að tillagan verði felld.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Benedikt Friðriksson  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa umhverfisgæða*



Reykjavík